

Starfsleyfi
fyrir rafskautaverksmiðju Kapla
Katanesi, Hvalfjarðarstrandahreppi
Kt. 640903-2360

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun,.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Kapla h.f., kt. 640903-2360, til framleiðslu rafskauta í rafskautaverksmiðju á Katanesi í Hvalfjarðarstrandahreppi. Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Kapla h.f. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

1.2. Umfang starfseminnar

Heimilt er að framleiða allt að 340.000 tonnum af kolefnisrafskautum á ári í rafskautaverksmiðjunni.

1.3. Mengunarvarnir

Rekstraraðili skal nota bestu fánlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta vel orku. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir).

1.4. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær.

1.5. Stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnaði, tækjum og efnum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar og annarra hlutaðeigandi eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku starfsleyfisins. Tilkynna skal eftirlitsaðila innan mánaðar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.

1.6. Gangsetning rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila þegar verksmiðjan er tekinn í notkun aftur ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.7. Þynningarsvæði vegna flúoríðs

Þynningarsvæði vegna flúoríðloftmengunar, sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, með síðari breytingum, skal vera hið sama og þynningarsvæði iðnaðarsvæðisins á Grundartanga sem er tilgreint á uppdretti í viðauka 1.

1.8. Þynningarsvæði vegna brennisteinsdíoxíðs

Þynningarsvæði vegna loftmengunar af völdum brennisteinsdíoxíðs skal vera hið sama og þynningarsvæði iðnaðarsvæðisins á Grundartanga sem er tilgreint á uppdrætti í viðauka 1

1.9. Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni, skal rekstraraðili, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd tímasettri áætlun um að draga úr mengun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. gr. reglugerðarinnar. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

2.1. Geymsla hráefna

Hráefni til verksmiðjunnar skulu geymd í lokuðum geymslum. Fljótandi hráefni og eldsneyti skulu geymd í tönkum með lekavörn sem uppfyllir ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

2.2. Geymsla utan dyra

Öll geymsla hráefna og framleiðsluvöru utan dyra skal vera á afgirtu svæði þar sem aðgangur óviðkomandi er bannaður.

2.3. Úrgangur

Allan úrgang skal flokka og skrá. Úrgangi skal koma til endurvinnslu þar sem þess er kostur. Spilliefnum skal skilað til viðurkenndrar spilllaefnamóttöku.

2.4. Olíuskilja

Frárennsli sem getur innihaldið olíu eða önnur spilliefni skal leitt í olíuskilju í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994. Styðjast skal við gildandi staðla um olíuskiljur varðandi frágang, eftirlit og viðhald. Stærð og gerð olíuskilja skal miðast við að olía í fráveituvatni sé að hámarki 15 mg/l. Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíuskiljum. Skrá skal sérstaklega í rekstrarhandbók alla vinnu við olíuskiljur og varnarþrær, þar með talið hvenær er opnað, lokað, hreinsað, smurt og þess háttar.

2.5. Hreinsun á leka

Búnaður og efni til hreinsunar olíu, sem kann að leka út eða misfarast, skal jafnan vera til reiðu, t.d. ídræg efni (uppþurrkunarefni).

2.6. Skólp

Skólp frá hreinlætisaðstöðu og mótuneyti verksmiðjunnar skal hreinsað með annars stigs hreinsun.

2.7. Rekstur bökunarofns

Bökunarofn skal rekin við undirþrýsting, þannig að brunaloft sé tekið í gegnum þekjulag yfir rafskautum. Nota skal gasolíu, fljótandi gas eða gas sem eldsneyti.

2.8. Hreinsun útblásturs

Útblástursloft skal hreinsað með pokasíukerfi og/eða eftirbrennara sem tryggir að styrkur ryk og lífrænna efnasambanda, þ.m.t. PAH, í útblæstri fari ekki yfir losunarmörk. Ryk skal endurnýtt eftir því sem kostur er.

2.9. Lokabrennsla lofttegunda og ryks

Lofttegundir og rokgjörn efni, sem myndast við vinnsluna, og ryks sem ekki er safnað í ryksíur skal hitað á skipulegan og jafnan hátt og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður upp í a.m.k. 800°C í 0,7 sekúndur hið minnsta, mælt nálægt innvegg brunahólfsins eða öðrum dæmigerðum punkti brunahólfsins í samráði við Umhverfisstofnun.

2.10. Sjálfvirk stýring brennara

Hver lína eftirbrennslu skal búin a.m.k. einum aukabrennara. Þessi brennari skal ræsast sjálfvirk þegar hiti brennslulofts fellur niður fyrir 800°C. Einnig skal nota brennarann við ræsinguna eða stöðvun vinnslu til að tryggja að ávallt sé haldið 800°C meðan óbrenndar lofttegundir eru í brunahólfinu. Ef ein lína eftirbrennslu stöðvast skal útblástur sjálfkrafa færast yfir á annan eftirbrennara.

2.11. Reykháfur

Útblástur úr eftirbrennslu skal leiddur út um reykháf sem skal vera minnst 50 m hár yfir gólfi verksmiðjunnar. Útblásturshraði og hitastig í reykháfi skal vera nægilega hátt til að tryggja að ákvæði um loftgæði og þynningarsvæði séu uppfyllt.

2.12. Hreinleiki hráefnis

Rekstraraðili skal tryggja hreinleika rafskautaleifa þannig að losun flúors verði undir losunarmörkum.

2.13. Losunarmörk og mælingar

Eftirfarandi losunarmörk fyrir mengunarefni í útblæstri eiga við um verksmiðjuna. Mörkin fyrir dagleg meðalgildi eru stöðluð við eftirtalin skilyrði: hiti 273 K, þrýsingur 101,3 kPa:

Efni	Dagleg meðalgildi	Árlegt meðaltal	Mæling
Ryk	10 mg/m ³	35 g/t	samfelld
Brennisteinsdíoxíð (SO ₂)	600 mg/m ³	2100 g/t	samfelld
Vetnisflúoríð (HF)	10 mg/m ³	20 g/t	samfelld
Heildarmagn lífræns kolefnis TOC	20 mg/m ³		samfelld
PAH - 16		2 g/t	árleg

2.14. Aðrar mælingar í útblæstri

Auk ofangreindra mengunarefna skal mæla eftirfarandi eðlisþætti samfelld: hitastig nálægt innvegg brunahólfs, styrk súrefnis, þrýsting, hita og raka í útblásturslofti. Auk þess skal mæla reglulega CO, NO_x og þungmálma sbr. útstreymisbókhald.

2.15. Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að draga úr hávaða frá verksmiðjunni og skal hávaði vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð um hávaða.

3. INNRA EFTIRLIT FYRIRTÆKISINS

3.1. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa daglegt eftirlit með rekstarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði
- mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim
- tæmingu olúgildru og setþróa ásamt staðfestingu á förgun efnis úr þeim
- niðurstöður mengunarmælinga sem krafist er samkvæmt 2. kafla
- mælingar á efnainnihaldi hráefna og eldsneytis
- magn og tegund úrgangs sem fer til endurnýtingar/endurvinnslu eða förgunar
- Mat á hávaða

3.2. Gæði mælinga

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Beita skal viðurkenndum vísindalegum aðferðum. Efnagreiningar skulu framkvæmdar af viðurkenndum aðila.

3.3. Prófun og kvörðun vöktunarbúnaðar

Sjálfvirkur vöktunarbúnaður fyrir losun í andrúmsloft skal sæta eftirliti og gangast undir árlegar eftirlitsprófanir. Kvörðun skal fara fram samhliða mælingum samkvæmt tilvísunaraðferðum á a.m.k. þriggja ára fresti.

3.4. Grænt bókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald og er fyrsta bókhaldsár þess árið sem rekstur verksmiðjunnar hefst. Skila skal árlega niðurstöðum bókhaldsins til Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Jafnframt skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 322/2002, um útstreymisbókhald.

4. EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1. Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi á umhverfið sem starfsemi verksmiðjan veldur, þ.m.t. starfshættir, hávaði, öll meðferð úrgangs og förgun. Rekstraraðili skal stuðla að góðri nýtingu efna og því að losun mengunarefna frá verksmiðjunni verði eins lítil og kostur er.

4.2. Verkstjórn

Rekstraraðili skal á hverri vinnuvakt á athafnasvæðinu hafa starfandi vaktstjóra sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum verksmiðjunnar. Vaktstjóri skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi þessu, svo og lögum og reglugerðum um hollustuhætti, heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Rekstraraðili skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðili getur haft samband við utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

4.3. Markmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:1996 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 321/1996, um frjálsa þátttöku iðnfyrirtækja í umhverfismálakerfi ESB, eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

4.4. Viðbragðsáætlanir

Rekstraraðili skal áður en starfssemi hefst útbúa viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar. Tryggja skal að starfsfólk hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4.5. Tilkynning vegna mengunarslysa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Slík atvik skal tilkynna til eftirlitsaðila sem metur hvort þörf sé frekari aðgerða. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um tilfelli þar sem hætta er á bráðamengun.

4.6. Umhverfi

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu og skal starfrækja verksmiðjuna þannig að hún valdi ekki ónæði eða óprífnaði.

4.7. Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila. Verði gert samkomulag um yfirtöku eftirlits samkvæmt 9. grein reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit, flyst það til viðkomandi aðila undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar.

4.8. Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, krafist tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar eða heimilað minni tíðni mælinga eftir því sem við á.

4.9. Samráðsfundur

Kapla h.f. boðar árlega fulltrúa Umhverfisstofnunar, fulltrúa hlutaðeigandi sveitarstjórna, og fulltrúa Heilbrigðisnefndar og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands á samráðsfund. Fyrir fundinn skal rekstraraðili leggja fram yfirlit eða ársskýrslu um þau atriði sem fjallað er um í grein 3.1 og kafla 5. Á þessum fundum verði m.a. rætt um rekstur mengunarvarna, niðurstöður mengunarmælinga, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kynnu að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til þess að ræða.

5. UMHVERFISVÖKTUN

5.1. Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal, ásamt öðrum hlutaðeigandi á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga, taka þátt í samfelldum mælingum á styrk flúoríðs í andrúmslofti og árlegum mælingum á flúoríði í vatni, gróðri (grasi, laufi og barri) og í beinum grasbíta í nágrenni rafskautverksmiðjunnar og reglubundnum mælingum á SO₂ og ryki í andrúmslofti og SO₄²⁻ og sýrustigi (pH) í úrkomu, vatni og jarðvegi. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt áætlun sem Umhverfisstofnun hefur samþykkt. Við staðsetningu fastra mælistöðva skal einnig gert ráð fyrir mælistöðvum sunnan Hvalfjarðar.

Rekstraraðili skal standa fyrir reglubundnum mælingum á styrk PAH-efna í andrúmslofti og vatni og sjó, þ.m.t. í Grunnafirði, Urriðaá og Eiðisvatni, áður en rafskautaverksmiðjan tekur til starfa og eftir að starfsemi hennar hefst. Nánari útfærsla á vöktun áhrifa varðandi mælingar í seti og lífverum, staðsetningu og fjölda mælistaða, tíðni mælinga og annað fyrirkomulag skal vera samkvæmt áætlun sem Umhverfisstofnun hefur samþykkt.

5.2. Aðrar rannsóknir

Aðrar mælingar, þ.m.t. reglubundar mælingar á þekju og tegundasamsetningu mosa og fléttna á Katanesi, og rannsóknir til samanburðar við bakgrunnsrannsóknir skulu framkvæmdar samkvæmt sérstökum samningi milli Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi iðnrekenda á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga.

5.3. Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal semja og senda Umhverfisstofnun árlega skýrslu um umhverfisvöktun samkvæmt grein 5.1 og 5.2.

5.4. Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni rafskautaverksmiðjunnar samkvæmt 5. kafla eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 1 flokk skv. viðauka 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá eftirlitsaðila. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða rökstuddra kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7. GILDISTAKA.

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi þegar gildi. Starfsleyfið gildir til 1. apríl 2020.

Reykjavík 19. maí 2005

Umhverfisstofnun